

Umhverfisstofnun
Áb. _____
13. maí 2015
Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 12. maí 2015
UST201504-065/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulag Hornafjarðarhafnar við Ósland.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 14. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Hornafjarðarhafnar

Svæðið sem skipulagstillagan nær til er um 35 ha að stærð og fylgir afmörkun friðlands í Óslandi til vesturs, strandlínu til suðurs og austurs og til norðurs fylgir afmörkun svæðisins hafnarkanti að Hafnarbraut.

Náttúruminjar

Ósland

Friðlandið Ósland liggur að vesturmörkum tillögusvæðisins. Ósland var friðlýst sem fólkvangur árið 1982 og var markmiðuð með friðlysingunni að tryggja svæði til útvistar og útikennslu í náttúrufræðum í sveitarféluginu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að umgengni og frágangur á hafnarsvæði við friðlandið sé til fyrirmynadar og að framkvæmdir á hafnarsvæði hafi ekki í för með sér neina röskun fyrir friðlandið. Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í greinargerð að hæðir bygginga á skipulagssvæðinu miðist við að útsýni frá Óslandshæð á þéttbýlið og fjallahringinn skerðist ekki og að jaðar deiliskipulagssvæðisins til vesturs og til friðlandsins að Óslandi skerði ekki gæði nærliggjandi svæða.

Einnig tekur stofnunin undir það að gert er ráð fyrir að gróðri sé plantað á lóðamörkum er snúa út að friðlandinu. Fram kemur að mælt er með lágreistum runnagróðri eða fíngerðum lágvöxnum trjám. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við mörk friðlands verði nýttar íslenskar trjá- og runnategundir.

Skarðsfjörður


Skarðsfjörður sem höfnin er innaf er svæði á náttúruminjaskrá, en þar eru lífauðugar leirur og grunnsævi og grunnsævi með miklu fuglalífi. Umhverfisstofnun minnir á mikilvægi þess að forðast verði rask á náttúruminjum eins og kostur er.

Veitur

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um að reisa nýja skólpdreinsistöð á deiliskipulagssvæðinu. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að tímasetja áætlanirnar.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur